



6.2.1. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016 og 722/2017

Lög um mannvirki, nr. 160/2010

6.2.1 Staðsetning byggingar

Í grein 6.2.1 í byggingarreglugerð segir:

„**Meginreglur:** Byggingu skal staðsetja og fella að landi innan byggingarreits þannig að góð tenging sé milli umhverfis, útisvæðis byggingarinnar og byggingarinnar sjálftrar. Þá skal gæta að gæðum byggingarlistar, öryggi, hollustu, heilsu, umhverfi, aðgengi, notagildi og orku-notkun. Byggingu skal staðsetja með tilliti til vindátta, birtuskilyrða og skuggavarps þannig að sólar og skjóls njóti á sem heppilegastan hátt á leik- og dvalarsvæðum. Að auki skal tekið tillit til hljóðvistar. Bygging á lóðarmörkum að gangstétt, við gatnamót eða að almennum gangstíg má aldrei hindra útsýni yfir götu eða gangstíg þar sem gera má ráð fyrir akandi umferð, né valda hættu fyrir gangandi umferð með útitröppum, útskagandi byggingarhlutum, veggsvölum, opnanlegum gluggum eða hurðum. Um hæð bygginga og afstöðu þeirra á lóð gilda ákvæði deiliskipulags.

Viðmiðunarreglur: Lágmarkshæð undir útskagandi byggingarhluta skal ekki vera lægri en í 2,4 m hæð frá jörðu við umferðarleiðir, nema settar séu upp varnir þannig að ekki sé slyshætta vegna umferðar. Þetta gildir þó ekki ef hinn útskagandi byggingarhluti er minna en 0,7 m frá jörðu.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar. “


Leiðbeiningar

1 Inngangur

Meginreglur eru ávallt ófrávíkjanlegar en viðmiðunarreglur eru frávikjanlegar ef sýnt er fram á að aðgengi og öryggi sé tryggt með jafngildum hætti og meginregla viðkomandi ákvæðis uppfyllt. Í slíkum tilvikum skal hönnuður skila með hönnunargögnum greinargerð þar sem gerð er grein fyrir því og rökstutt með hvaða hætti meginregla ákvæðisins er uppfyllt og aðgengi og öryggi tryggt.


2 Viðmiðunarreglur

Í 6.2.1 gr. segir: „Lágmarkshæð undir útskagandi byggingarhluta skal ekki vera lægri en í 2,4 m hæð frá jörðu við umferðarleiðir.“ Með umferðaleiðum er átt við til dæmis gangstéttir, gangstíga og svo framvegis. Útskagandi byggingarhlutar út fyrir lóðarmörk og þar sem reikna má með því að margir ferðist um eða séu við leik innan lóða þar sem útskagandi byggingarhlutar eru, skulu ekki vera lægri en 2,4 m hæð frá jörðu.



Mynd 1. Dæmi um útskagandi byggingarluta $\geq 2,4$ m frá jörðu


„...nema settar séu upp varnir þannig að ekki sé slyshætta vegna umferðar...“



Mynd 2. Dæmi um útskagandi byggingarluta $\leq 2,4$ m frá jörðu, með vörn



„...Þetta gildir þó ekki ef hinn útskagandi byggingarluti er minna en 0,7 m frá jörðu.“



Mynd 3. Dæmi um útskagandi byggingarluta minna en 0,7 m frá jörðu